



Stefna Norðurþings í forvarna- og öryggismálum

Norðurþing setur sér eftirfarandi stefnu í forvarna- og öryggismálum sveitarfélagsins í samræmi við lög og reglur sem um þau gilda s.s. lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980, lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og öðrum þeim lögum sem við eiga hverju sinni. Stefnan felst í eftirtöldum markmiðum:

- Að starfsmenn Norðurþings komi heim andlega og líkamlega heilir að loknum vinnudegi.
- Að forvarnir sem snúa að starfsmönnum séu í samræmi við þau lög og þær reglur og fyrirmæli sem í gildi eru á hverjum tíma.
- Að tryggt sé að öryggi og velferð starfsmanna sé ætíð í fyrirrúmi við ákvarðanatöku hjá sveitarfélaginu á öllum stigum.
- Að vinnubrögð og vinnuferlar séu skilgreindir þannig að öryggi og velferð starfsmanna sé tryggt.
- Að aðbúnaður og öryggi starfsmanna sé tryggt m.a. með því að starfsmenn sinni störfum sínum með tækjum og búnaði sem uppfylla ítrustu og nýjustu kröfur um öryggi.
- Að taka skýra afstöðu gegn einelti, kynferðislegri áreitni, kynbundinni áreitni og ofbeldi.
- Að verklag varðandi notkun og rekstur tölvubúnaðar og upplýsingatæknikerfa sé skýrt og öllum starfsmönnum ljóst.
- Að efla stjórnendur og starfsmenn sveitarfélagsins til að takast á við verkefni sem snúa að velferð og heilsuvernd.
- Að virk öryggisnefnd sé ætíð starfandi innan sveitarfélagsins og að hún fylgi eftir þeim málum sem upp kunna að koma varðandi forvarnir og eða öryggi starfsmanna.

Nánari útfærsla stefnunnar er í höndum öryggisnefndar Norðurþings sem skipuð er í samræmi við 6. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.



Samþykkt á fundi forvarna- og öryggisnefndar Norðurþings þann 3.apríl 2019
og staðfest á fundi Sveitarstjórnar Norðurþings þann 16.apríl 2019